

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2003/127/EB

2007/EES/26/35

frá 23. desember 2003

um breytingu á tilskipun ráðsins 1999/37/EB um skráningarskjöl fyrir ökutæki (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN
HEFUR,

EVRÓPUBANDALAGANNA

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 1999/37/EB frá 29. apríl 1999 um skráningarskjöl fyrir ökutæki ⁽¹⁾, einkum 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 1999/37/EB er mælt fyrir um samræmdar reglur um skráningarskírteini fyrir ökutæki sem skylt er að skrá í Bandalaginu.
- 2) Þar eð mikil aukning hefur orðið á rafeinda- og fjarvirknibúnaði í ökutækjum skal aðlaga viðaukana við tilskipun 1999/37/EB að framförum á sviði tækni og vísinda til að gera aðildarríkjunum kleift að gefa út skráningarskjöl fyrir ökutæki á formi örgjörvakorta í stað prentaðra skjala.
- 3) Því ber að breyta tilskipun 1999/37/EB til samræmis við þetta.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 8. gr. tilskipunar ráðsins 96/96/EB ⁽²⁾.
- 5) Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að söfnun og vinnsla persónuupplýsinga, sem er nauðsynleg fyrir útgáfu skráningarskjala á formi örgjörvakorta, uppfylli ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ⁽³⁾.

1. gr.

Í stað viðaukana við tilskipun 1999/37/EB komi texti viðaukans við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 15. janúar 2005. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunar-töflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. desember 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Loyola DE PALACIO

varaforseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB 10, 16.1.2004, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2004, 24. september 2004 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópu-sambandsins* nr. 12, 10.3.2005, bls. 41.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 138, 1.6.1999, bls. 57.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 46, 17.2.1997, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

VIDAUKI

„I. VIDAUKI

I. HLUTI SKRÁNINGARSKÍRTEINISINS ⁽¹⁾

- I. Framsetning þessa hluta má vera tvenns konar, annaðhvort prentað skjal eða örgjörvakort. Útfærsla prentaða skjalsins er sýnd í II. kafla og örgjörvakortsins í III. kafla.
- II. **Forskriftir í I. hluta fyrir skráningarskírteini á formi prentaðs skjals.**
- II.1. Skráningarskírteinið má ekki vera stærra en A4 (210 × 297 mm) eða brotið saman í þá stærð.
- II.2. Verjast skal fölsun á skjalinu í I. hluta skráningarskírteinisins með a.m.k. tveimur eftirtalinnu aðferða:
- myndrænni útfærslu,
 - vatnsmerki,
 - flúrljómandi trefjum eða
 - flúrljómandi upphleypingu.
- Aðildarríkjunum er fjálst að bæta fleiri öryggisþáttum við.
- II.3. I. hluti skráningarskírteinis getur verið nokkrar síður. Aðildarríkin skulu ákveða fjölda síðna í samræmi við upplýsingarnar í skjalinu og uppsetningu þess.
- II.4. Á fyrstu síðu I. hluta skráningarskírteinis skal vera:
- heiti aðildarríkisins sem gefur út I. hluta skráningarskírteinisins,
 - auðkennisstafrir aðildarríkisins sem gefur út I. hluta skráningarskírteinisins, þ.e.a.s.:
- | | |
|-----|---------------------|
| B | Belgía |
| DK | Danmörk |
| D | Þýskaland |
| GR | Grikkland |
| E | Spánn |
| F | Frakkland |
| IRL | Írland |
| I | Ítalía |
| L | Lúxemborg |
| NL | Holland |
| A | Austurríki |
| P | Portúgal |
| FIN | Finnland |
| S | Svíþjóð |
| UK | Breska konungsríkið |
- heiti lögbæra yfirvaldsins,
 - orðin „I. hluti skráningarskírteinis“ eða, ef skírteinið er aðeins í einum hluta, orðið „Skráningarskírteini“, prentuð með stóru letri á tungumáli eða –málum aðildarríkisins sem gefur skírteinið út. Sama eða sömu orð skulu einnig standa, á eftir hæfilegu bili, með smáu letri á öðrum tungumálum Evrópubandalagsins,
 - orðið „Evrópubandalagið“, prentað á tungumáli eða –málum aðildarríkisins sem gefur út I. hluta skráningarskírteinisins,
 - númer skjalsins.

⁽¹⁾ Í skírteini, sem er í einum hluta, stendur aðeins „Skráningarskírteini“ og hvergi er vísað til „I. hluta“ í textanum.

- II.5. Í I. hluta skráningarskírteinisins skulu einnig vera eftirfarandi upplýsingar en á undan þeim skulu koma samsvarandi samræmdar tákntölur Bandalagsins:
- A) skráningarnúmer,
 - B) dagsetning fyrstu skráningar ökutækisins,
 - C) persónuupplýsingar,
 - C.1) handhafi skráningarskírteinis:
 - C.1.1) kenninafn eða –nöfn eða firmanafn,
 - C.1.2) annað nafn eða nöfn eða upphafsstafur eða –stafir (eftir því sem við á),
 - C.1.3) heimilisfang í aðildarríkinu, þar sem ökutækið er skráð, daginn sem skjalið er gefið út
 - C.4) Ef upplýsingarnar, sem eru tilgreindar í númeri C.2 í lið II.6 koma ekki fram í skráningarskírteininu skal í staðinn koma fram að handhafi skráningarskírteinisins:
 - a) er eigandi ökutækisins,
 - b) er ekki eigandi ökutækisins,
 - c) er ekki tilgreindur í skráningarskírteininu sem eigandi ökutækisins,
 - D) ökutæki:
 - D.1) tegund,
 - D.2) gerð,
 - afbrigði (ef upplýsingar liggja fyrir um það),
 - útfærsla (ef upplýsingar liggja fyrir um það),
 - D.3) verslunarheiti,
 - E) verksmiðjunúmer ökutækis,
 - F) massi:
 - F.1) tæknilega leyfilegur hámarksmassi ökutækis með hleðslu, nema fyrir bifhjól,
 - G) massi ökutækis í notkun ásamt yfirbyggingu og með tengibúnaði ef um er að ræða dráttar bifreið í notkun úr öðrum flokki ökutækja en flokki M₁,
 - H) gildistími ef hann er ekki ótakmarkaður,
 - I) dagsetning skráningarinnar sem þetta skírteini vísar til,
 - K) gerðarviðurkenningarnúmer (ef það er fyrir hendi),
 - P) hreyfill,
 - P.1) slagrymi (í cm³),
 - P.2) hámarksnettóafli (í kW) (ef upplýsingar liggja fyrir um það),
 - P.3) tegund eldsneytis eða aflgjafa,
 - Q) afl/þyngdarhlutfall (í kW/kg) (aðeins fyrir bifhjól),
 - S) sætarými,
 - S.1) fjöldi sæta, að öikumannssæti meðtöldu,
 - S.2) fjöldi stæða (eftir því sem við á).
- II.6. Í I. hluta skráningarskírteinisins geta einnig verið eftirfarandi upplýsingar en á undan þeim skulu koma samsvarandi samræmdar tákntölur Bandalagsins:
- C) persónuupplýsingar,
 - C.2) eigandi ökutækis (eða eigendur ef þeir eru fleiri en einn),
 - C.2.1) kenninafn eða firmanafn,
 - C.2.2) annað nafn eða nöfn eða upphafsstafur eða –stafir (eftir því sem við á),
 - C.2.3) heimilisfang í aðildarríkinu, þar sem ökutækið er skráð, daginn sem skjalið er gefið út,

- C.3) einstaklingur eða lögaðili sem má nota ökutækið í krafti annars lagalegs réttar en eignarréttar,
- C.3.1) kenninafn eða firmanafn,
- C.3.2) annað nafn eða nöfn eða upphafsstafur eða –stafir (eftir því sem við á),
- C.3.3) heimilisfang í aðildarríkinu, þar sem ökutækið er skráð, daginn sem skjalið er gefið út,
- C.5), C.6), C.7), C.8): ef breyting á persónuupplýsingum samkvæmt númeri C.1 í lið II.5, númeri C.2 í lið II.6 og/eða númeri C.3 í lið II.6 gefur ekki tilefni til útgáfu nýs skráningarskírteinis má tilgreina nýju persónuupplýsingarnar, sem svara til þessara liða, undir númerum C.5, C.6, C.7 eða C.8. Þær eru síðan sundurliðaðar í samræmi við tilvísanir í númeri C.1 í lið II.5, í númeri C.2 í lið II.6, í númeri C.3 í lið II.6 og í númeri C.4 í lið II. 5,
- F) massi:
- F.2) tæknilega leyfilegur hámarksmassi ökutækis með hleðslu, í notkun í aðildarríkinu þar sem ökutækið er skráð,
- F.3) tæknilega leyfilegur hámarksmassi fullbúins ökutækis með hleðslu í notkun í aðildarríkinu þar sem ökutækið er skráð,
- J) ökutækjaflokkur.
- L) fjöldi ása,
- M) hjólhaf (í mm),
- N) skipting tæknilega leyfilegs hámarks massa ökutækis með hleðslu á milli ása fyrir ökutæki með heildarmassa yfir 3500 kg.
- N.1) ás 1 (í kg),
- N.2) ás 2 (í kg), eftir því sem við á,
- N.3) ás 3 (í kg), eftir því sem við á,
- N.4) ás 4 (í kg), eftir því sem við á,
- N.5) ás 5 (í kg), eftir því sem við á,
- O) tæknilega leyfilegur hámarksdráttarmassi eftirvagnsins:
- O.1) hemlaður (í kg),
- O.2) óhemlaður (í kg),
- P) hreyfill:
- P.4) nafnhraði (í mín.⁻¹),
- P.5) kenninúmer hreyfils,
- R) litur ökutækisins,
- T) hámarkshraði (í km/klst.),
- U) hljóðstig,
- U.1) í kyrrstöðu (í dB(A)),
- U.2) snúningshraði hreyfils (í mín.⁻¹),
- U.3) í akstri (í dB(A)),
- V) losun með útblæstri:
- V.1) CO (í g/km eða g/kWh),
- V.2) HC (í g/km eða g/kWh),
- V.3) NO_x (í g/km eða g/kWh),

- V.4) HC + NO_x (í g/km),
- V.5) efnisagnir, ef um er að ræða dísilhreyfil (í g/km eða g/kWh),
- V.6) leiðréttur gleypnistuðull fyrir dísilhreyfla (í mín.-1),
- V.7) CO₂ (í g/km),
- V.8) samanlögð eldsneytiseyðsla (í l/100 km).
- V.9) tilgreining umhverfisflokks í EB-gerðarviðurkenningu,
tilvísun til gildandi útgáfu samkvæmt tilskipun 70/220/EBE ⁽¹⁾ eða tilskipun 88/77/EBE ⁽²⁾.

W) rúmtak eldsneytisgeymis eða –geyma (í lítrum).

II.7 Aðildarríkin geta bætt við upplýsingum (í I. hluta skráningarskrárteinisins), m.a. geta þau bætt frekari innlendum númerum í hornklofum við auðkennisnúmerin sem mælt er fyrir um í liðum II.5 og II.6.

III. **Forskriftir í I. hluta skráningarskrárteinis á formi örgjörvakorts** (önnur útfærsla en fyrirmyndin að prentaða skjalinu sem er lýst í II. kafla)

III.1 *Gagnasnið korts og gögn sem hægt er að lesa með berum augum*

Kortið er örgjörvakort og skal því hannað í samræmi við staðlana sem um getur í kafla III.5. Gögnin, sem eru geymd á kortinu, skulu vera læsileg fyrir hefðbundinn aflestrarbúnað (t.d. búnað til að lesa af ökuritakortum).

Á fram- og bakhlið kortsins skulu a.m.k. prentuð þau gögn sem eru tilgreind í köflum II.4 og II.5. Þessi gögn skal vera hægt að lesa með berum augum (lágmarkshæð hvers stafs: 6 punktar) og skulu þau prentuð á kortið á eftirfarandi hátt. (Dæmi um mögulegar útfærslur eru sýndar á mynd 1 í lok þessa þáttar).

A. Grunnupplýsingar með upphleyptu lettri

Eftirfarandi grunnupplýsingar skulu vera á kortinu:

Framhlið

- a) Hægra megin við örgjörvann:
skal vera á tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins sem gefur út skráningarskrárteinið
 - orðið „Evrópubandalagið“,
 - heiti aðildarríkisins sem gefur skráningarskrárteinið út,
 - orðin „I. hluti skráningarskrárteinisins“ eða ef skráningarskrárteinið er aðeins einn hluti, orðið „skráningarskrárteini“, prentað með stóru lettri,
 - annað auðkenni (t.d. fyrra innlent) sambærilegs skjals (valfrjálst),
 - heiti lögbærs yfirvalds (einnig má tilgreina þetta undir B-lið, persónulegar upplýsingar með upphleyptu lettri, hér á eftir),
 - ótvíræð raðtala skjalsins í viðkomandi aðildarríki (einnig má tilgreina þetta undir B-lið, persónulegar upplýsingar með upphleyptu lettri),
- b) Ofan við örgjörvann:
auðkennisstafir aðildarríkisins, sem gefur skráningarskrárteinið út, hvítir í bláum réttþyrningi með tólf gulum stjörnum í kring:

B	Belgía
DK	Danmörk
D	Þýskaland
GR	Grikkland
E	Spánn
F	Frakkland

⁽¹⁾ Tilskipun ráðsins 70/220/EBE frá 20. mars 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ráðstafanir gegn loftmengun frá hreyflum ökutækja með rafveikju (Stjtið. EB L 76, 6.4.1970, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/80/EB (Stjtið. EB L 291, 28.10.2002, bls. 20).

⁽²⁾ Tilskipun ráðsins 88/77/EBE frá 3. desember 1987 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aðgerðir gegn mengandi efnun í útblæstri dísilhreyfla til nota í ökutækjum (Stjtið. EB L 36, 9.2.1988, bls. 33). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/27/EB (Stjtið. EB L 107, 18.4.2001, bls. 10).

IRL	Írland
I	Ítalía
L	Lúxemborg
NL	Holland
A	Austurríki
P	Portúgal
FIN	Finnland
S	Svíþjóð
UK	Breska konungsríkið

- c) Aðildarríkin gætu metið hvort þau bæti við neðst á kortið eftirfarandi athugasemd, með smáu lettri, á þjóðtungu eða –tungum sínum: „Framvísa skal þessu skjali til allra viðurkenndra aðila samkvæmt beiðni þeirra“.
- d) Grunnlitur kortsins er grænn (Pantone 362). Að öðrum kosti má nota grænan lit sem skiptir smám saman yfir í hvítan.
- e) Tákn sem sýnir hjól (sjá fyrirhugaða útfærslu á mynd 1) skal prentað á prentsvæðið í neðra, vinstra horninu á framhlið kortsins.

Að öðru leyti gilda ákvæði kafla III.13.

B. Persónulegar upplýsingar með upphleyptu lettri

Eftirfarandi persónulegar upplýsingar skulu vera á kortinu:

Framhlið

- a) heiti lögbærs yfirvalds — sjá einnig a-lið A-liðar,
- b) heiti yfirvaldsins sem gefur skráningarskírteinið út (valfrjálst),
- c) ótvíræð raðtala skjalsins sem er notuð í aðildarríkinu — sjá einnig a-lið A-liðar),
- d) eftirfarandi gögn í kafla II.5. bæta má einstökum, innlendum númerum við á eftir samræmdum tákntölum Bandalagsins:

Tákntala:

Tilvísun

- A) skráningarnúmer (opinbert númer leyfisins),
- B) dagsetning fyrstu skráningar ökutækisins,
- D) dagsetning skráningarinnar sem þetta skírteini vísar til,

Persónuupplýsingar

- C.1) handhafi skráningarskírteinis,
 - C.1.1) kenninafn eða firmanafn,
 - C.1.2) annað nafn eða nöfn eða upphafsstafur eða –stafir (eftir því sem við á),
 - C.1.3) heimilisfang í aðildarríkinu, þar sem ökutækið er skráð, daginn sem skjalið er gefið út,
- C.4) Ef upplýsingarnar, sem eru tilgreindar í númeri C.2 í kafla II.6, koma ekki fram í skráningarskírteininu, sem er skilgreint í A- og B-lið, skal í staðinn koma fram að handhafi skráningarskírteinisins:
 - a) er eigandi ökutækisins,
 - b) er ekki eigandi ökutækisins,
 - c) er ekki tilgreindur í skráningarskírteininu sem eigandi ökutækisins.

Bakhlíð

Á bakhlíðinni skulu a.m.k. vera þau gögn sem eftir eru og eru tilgreind í kafla II.5. Bæta má einstökum, innlendum númerum við á eftir samræmdum tákntölum Bandalagsins í samræmi við kafla II.7.

Um er að ræða eftirfarandi upplýsingar:

Tákntala	Tilvísun
<i>Gögn um ökutæki</i> (með hliðsjón af athugasemdunum í kafla II.5)	
D.1)	tegund,
D.2)	gerð (afbrigði/útfærsla, eftir því sem við á)
D.3)	verslunarheiti,
E)	verksmiðjunúmer ökutækis,
F.1)	tæknilega leyfilegur hámarksmassi ökutækis með hleðslu, nema fyrir bifhjól (kg)
G)	massi ökutækis í notkun ásamt yfirbyggingu og með tengibúnaði ef um er að ræða dráttar bifreið í notkun úr öðrum flokki ökutækja en flokki M ₁ (kg).
H)	gildistími ef hann er ekki ótakmarkaður,
K)	gerðarviðurkenningarnúmer (ef það er fyrir hendi),
P.1)	slagrymi (cm ³)
P.2)	nafnafl (kW),
P.3)	tegund eldsneytis eða aflagjafa,
Q)	afl/þyngdarhlutfall (í kW/kg) (aðeins fyrir bifhjól)
S.1)	fjöldi sæta, að öikumannssæti meðtöldu,
S.2)	fjöldi stæða (eftir því sem við á).

Einnig má bæta við gögnum úr köflum II.6 (með samræmdu tákntölunum) og II.7 á bakhlíð kortsins.

C. Útlitstengdir öryggisþættir örgjörvakortsins

Eftirfarandi getur ógnað öryggi korts:

- Framleiðsla falsaðra korta: að búa til nýtt kort sem líkist skjalinu mjög mikið, annaðhvort með því að búa það til frá grunni eða með því að taka afrit af upprunalega skjalinu.
- Efnisbreyting: að breyta inntaki upprunalega skjalsins, t.d. að breyta sumum prentuðum gögnum skjalsins.

Verjast skal fölsun á efninu, sem er notað í I. hluta skráningarskráteisins, með a.m.k. þremur eftirtalinnna aðferða:

- örprentun,
- bakgrunnsmyndurprentun*,
- regnbogaprentun,
- leysigreypingu,
- útfjólubláum flúrljómandi prentlit,
- prentlit sem ræðst af sjónarhorninu*,
- prentlit sem ræðst af hitastiginu*,
- sérhönnuðum almyndum*,
- breytilegum leysimyndum,
- myndum sem breytast eftir birtustiginu.

Aðildarríkjunum er frjálst að bæta fleiri öryggisþáttum við.

Til grundvallar skal velja aðferðirnar sem eru merktar með stjörnu þar sem þær gera löggæslumönnum kleift að kanna gildi kortsins án þess að nota til þess sérstakan búnað.

III.2. *Gagnageymsla og -vernd*

Á eftir samræmdu, sameiginlegu tölunum (eftir því sem við á, í tengslum við einstök númer aðildarríkjanna samkvæmt kafla II.7) skal eða má enn fremur geyma eftirfarandi gögn á yfirborði kortsins sem inniheldur læsilegu upplýsingarnar samkvæmt kafla III.1:

A) Gögn samkvæmt köflum II.4 og II. 5

Öll gögn, sem eru tilgreind í köflum II.4 og II.5, er skylt að geyma á kortinu.

B) Önnur gögn samkvæmt kafla II.6

Aðildarríkjunum er ennfremur frjálst að geyma fleiri gögn samkvæmt kafla II.6 eftir því sem þurfa þykir

C) Önnur gögn samkvæmt kafla II.7

Frjálst er að geyma frekari upplýsingar á kortinu.

Gögnin í A- og B-lið eru geymd í tveimur aðgreindum skráum með gagnsærri skipan (sjá ISO/IEC 7816-4). Aðildarríkin mega sjálf ákveða hvernig gögnin í C-lið eru geymd í samræmi við eigin kröfur.

Engar takmarkanir á lesaðgangi eru á þessum skráum.

Skrifaðgangur að þessum skráum skal takmarkast við lögbær, innlend yfirvöld (og viðurkenndar stofnanir) í aðildarríkinu sem gefur örgjörvakortið út.

Skrifaðgangur er einungis leyfður að lokinni ósamhverfri sannvottun með því að skipta út lotulykli til að vernda lotuna á milli skráningarkorts ökutækis og öryggiseiningar (t.d. öryggiseiningarkorts) lögbærra, innlendra yfirvalda (eða viðurkenndra stofnana þeirra). Því er vottorðum, sem eru sannprófanleg með korti, skipt út í samræmi við ISO/IEC 7816-8 áður en sannvottunarferlið hefst. Vottorð, sem eru sannprófanleg með korti, innihalda samsvarandi dreifilykla sem hægt er að sækja og nota við eftirfarandi sannvottunarferli. Þessi vottorð eru undirrituð af lögbærum, innlendum yfirvöldum og innihalda heimildahlut (authorisation object) (heimild handhafa skirteinis) í samræmi við ISO/IEC 7816-9 til að kóða tiltekna aðgerðarheimild á kortið. Þessi aðgerðarheimild tengist lögbæru, innlendu yfirvaldi (t.d. til að uppfæra gagnasvæði).

Samsvarandi dreifilyklar lögbærs, innlends yfirvalds eru geymdir sem grunnlykill á kortinu.

Aðildarríkin eru ábyrg fyrir forskriftum skráanna og skipananna sem eru nauðsynlegar fyrir sannvottunar- og skrifferlið. Öryggistryggingin skal viðurkennd með sameiginlegu mati á viðmiðunum (common criteria evaluation) samkvæmt EAL4+. Aukið öryggi byggist á eftirfarandi: 1. AVA_MSU. 3 Greining og prófun við óstöðugar aðstæður (Analysis and testing for insecure states), 2. AVA_VLA.4 Mjög mikið viðnám (Highly resistant).

D) Gögn til að sannprófa sannvottaðan uppruna skráningargagna

Útgáfuyfirvaldið reiknar út rafræna undirskrift fyrir fullnægjandi gögn skrárinnar, sem inniheldur gögnin í A- og B-lið, og geymir hana í tengdri skrá. Þessar undirskriftir gera kleift að sannprófa sannvottaðan uppruna geymdu gagnanna. Á kortunum skulu geymd eftirfarandi gögn:

- rafræn undirskrift skráningargagna sem tengjast A-lið,
- rafræn undirskrift skráningargagna sem tengjast B-lið,

Til að sannprófa þessar rafrænu undirskriftir skal geyma á kortinu:

- vottorð frá útgáfuyfirvaldinu sem hefur reiknað út undirskriftir fyrir gögn í A- og B-lið.

Lesaðgangur að rafrænum undirskriftum og vottorðum skal vera án takmarkana. Skrifadgangur að rafrænum undirskriftum og vottorðum takmarkast við lögbær, innlend yfirvöld.

III.3. *Skilflötur*

Nota skal ytri raftengi til að tengjast skilfletinum. Valfrjálst er að nota ytri raftengi ásamt merkjasvara.

III.4. *Geymslurými kortsins*

Á kortinu skal vera nægilegt rými til að geyma gögnin sem um getur í kafla III.2.

III.5. *Staðlar*

Örgjörvakortið og aflestrarbúnaðurinn skulu vera í samræmi við eftirfarandi staðla:

- ISO 7810: Standards for identification cards (plastic cards): Physical characteristics
- ISO 7816-1 og -2: Physical characteristics of chip cards, dimensions and location of contacts
- ISO 7816-3: Electrical characteristics of contacts, transmission protocols
- ISO 7816-4: Communication contents, chip card data structure, safety architecture, access mechanisms
- ISO 7816-5: Structure of application identifiers, selection and execution of application identifiers, registration procedure for application identifiers (numbering system)
- ISO 7816-6: Inter-industry data elements for interchange
- ISO 7816-8: Integrated circuit(s) cards with contacts — Security related inter-industry commands
- ISO 7816-9: Integrated circuit(s) cards with contacts — Enhanced inter-industry commands

III.6. *Tæknilegir eiginleikar og samskiptareglur fyrir gagnaflutninga*

Sniðið skal vera ID-1 (venjuleg stærð, sjá ISO/IEC 7810).

Kortið skal styðja samskiptareglur fyrir gagnaflutninga T=1 í samræmi við ISO/IEC 7816-3. Þar að auki má styðja aðrar samskiptareglur fyrir gagnaflutninga, t.d. T=0, USB eða samskiptareglur án tengja.

Nota skal „bein samskipti“ fyrir gagnaflutning með bitahraða (sjá ISO/IEC 7816-3).

A) Fæðispenna, forritunarspenna

Kortið skal virka með $V_{cc} = 3V (+0.3V)$ eða með $V_{cc} = 5V (+0.5V)$. Kortið á ekki að þurfa neina forritunarspennu í pinna C6.

B) Svar við endurstillingu

Bætið fyrir stærð upplýsingasvæðis kortsins skal gefið upp í ATR (svári við endurstillingu) í rittákninu TA3. Þetta gildi skal a.m.k. vera „80h“ (= 128 bæti).

C) Val á færíbreytu fyrir samskiptareglur

Styðja skal val á færíbreytu fyrir samskiptareglur (PPS) samkvæmt ISO/IEC 7816-3. PPS er notað til að velja T=1, einnig ef T=0 er til staðar á kortinu og til að semja um Fi/Di-færíbreytur til að auka flutningshraðann.

D) Samskiptareglur fyrir gagnaflutninga T = 1

Stuðningur við samhlekkjun er lögboðinn.

Eftirfarandi einföldun er leyfð:

- NAD-bæti: ekki notað (NAD skal stillt á „00“),
- S-báلكur ABORT: ekki notaður,
- S-báلكur VPP-stillingarvilla: ekki notaður:

Kortalesarinn skal tilgreina stærð upplýsingasvæðis búnaðarins (IFSD) næst á eftir svári við endurstillingu (ATR), þ.e. kortalesarinn (IFS) skal senda beiðni um stærð upplýsingasvæðis S-báلكsins næst á eftir svári við endurstillingu og kortið skal senda til baka stærð upplýsingasvæðis S-báلكsins. Gildið, sem mælt er með fyrir stærð upplýsingasvæðis búnaðarins, er 254 bæti.

III.7. *Hitastigssvið*

Skráningarskírteini á formi örgjörvakorts skal starfa rétt við öll venjuleg veðurskilyrði á yfirráðasvæði Bandalagsins og a.m.k. við það hitastig sem er tilgreint í ISO-staðli 7810. Kortin skulu starfa rétt við rakastig á bilinu 10% til 90%.

III.8. *Endingartími*

Kortið á að geta enst í tíu ár ef það er notað í samræmi við umhverfis- og rafmagnstengdar forskriftir. Kortið skal búið til úr efni sem uppfyllir þessar kröfur um endingartíma.

III.9. *Rafeiginleikar*

Við notkun skulu kortin uppfylla ákvæði tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 95/54/EB frá 31. október 1995 ⁽⁴⁾ að því er varðar rafsegulsviðssamhæfi og þau skulu varin gegn rafstöðuafhleðslu.

III.10. *Skráaskipan*

Í töflu 1 eru taldar upp lögbundnar frumskrár (EF) í sérnotaskrá (DF) hugbúnaðarins (sjá ISO/IEC 7816-4) DF.Registration. Allar þessar skrár hafa gagnsæja skipan. Aðgangskröfum er lýst í kafla III.2. Aðildarríkin ákveða sjálf stærð skrána í samræmi við eigin kröfur.

Tafla 1

Skrárheiti	Kennimerki skrár	Lýsing
EF.Registration_A	„D001“	Skráningargögn samkvæmt köflum II.4 og II.5
EF.Signature_A	„E001“	Rafræn undirskrift fyrir öll fullnægjandi gögn í EF.Registration_A
EF.C.IA_A.DS	„C001“	X.509v3-vottorð útgáfufirvaldsins sem reiknar út undirskriftir fyrir EF.Signature_A
EF.Registration_B	„D011“	Skráningargögn samkvæmt kafla II.6
EF.Signature_B	„E011“	Rafræn undirskrift fyrir öll fullnægjandi gögn í EF.Registration_B
EF.C.IA_B.DS	„C011“	X.509v3-vottorð útgáfufirvaldsins sem reiknar út undirskriftir fyrir EF.Signature_B

III.11. *Gagnaskipan*

Upplýsingarnar sem eru geymdar á skirteinunum eru með X.509v3-sniði samkvæmt ISO/IEC 9594-8. Rafrænu undirskriftirnar eru geymdar á gagnsæjan hátt.

Skráningargögn eru geymd sem BER-TLV gagnahlutir (sjá ISO/IEC 7816-4) í samsvarandi frumskrá. Gildissvæðin eru kóðuð með ASCII-rittáknum eins og skilgreint er í ISO/IEC 8824-1, gildin „C0“-, „FF“ eru skilgreind með ISO/IEC 8859-1 (latínu 1-stafamengi) eða ISO/IEC 8859-7 (grískt stafamengi) eða ISO/IEC 8859-5 (kýrilískt stafamengi). Dagsetningarsniðið er ÁÁÁÁMMDD.

Í töflu 2 eru talin upp merki sem auðkenna gagnahluti sem samsvara skráningargögnum í kafla II.4 og II.5 ásamt viðbótargögnum úr kafla III.1. Lögboðið er að nota gagnahlutina, sem eru taldir upp í töflu 2, nema annað sé tilgreint. Heimilt er að sleppa valkvæðum gögnum. Merkjunum er raðað í dálka eftir földunarstigi.

Tafla 2

Merki			Lýsing
„78“			Yfirvald sem úthlutar samhæfðu merki (Compatible tag allocation authority), fáladaði hluturinn „4F“ (sjá ISO/IEC 7816-4 og ISO/IEC 7816-6)
	„4F“		Kennimerki notkunarforrits (sjá ISO/IEC 7816-4)
„71“			Sameiginlegt sniðmát innan geirans (sjá ISO/IEC 7816-4 og ISO/IEC 7816-6) sem samsvarar lögboðnum gögnum í 1. hluta skráningarskirteinisins með öllum eftirfarandi földuðum hlutum

⁽⁴⁾ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/54/EB frá 31. október 1995 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 72/245/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aðgerðir gegn rafsegultruflunum frá hreyflum með neistakveikju í vélknúnum ökutækjum og breytingu á tilskipun 70/156/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra (Stjtið. EB L 266, 8.11.1995, bls. 1).

Merki			Lýsing
	„80“		Útgáfa af skilgreiningu merkis
	„9F33“		Heiti aðildarríkisins sem gefur I. hluta skráningarskírteinisins út
	„9F34“		Annað auðkenni (t.d. fyrri, innlent auðkenni) sambærilegs skjals (valfrjálst)
	„9F35“		Heiti lögbæra yfirvaldsins
	„9F36“		Heiti yfirvaldsins sem gefur skráningarskírteinið út (valfrjálst)
	„9F37“		Stafamengi sem er notað: „00“: ISO/IEC 8859-1 (latínu 1-stafamengi) „01“: ISO/IEC 8859-5 (kýrilískt stafamengi) „02“: ISO/IEC 8859-7 (grískt stafamengi)
	„9F38“		Ótvíræð raðtala skjalsins sem er notuð í aðildarríkinu
	„81“		Skráningarnúmer
	„82“		Dagsetning fyrstu skráningar
	„A1“		Persónuupplýsingar, með földuðu hlutunum „A2“ og „86“
		„A2“	Handhafi skráningarskírteinisins, með földuðu hlutunum „83“, „84“ og „85“
		„83“	Kenninafn eða firmanafn
		"84"	Önnur nöfn eða upphafsstafir (valfrjálst)
		„85“	Heimilisfang í aðildarríkinu
		„86“	„00“: er eigandi ökutækisins „01“: er ekki eigandi ökutækisins „02“: er ekki tilgreindur sem eigandi ökutækisins
	„A3“		Ökutæki, með földuðu hlutunum „87“, „88“ og „89“
		„87“	Tegund ökutækis
		„88“	Gerð ökutækis
		„89“	Verslunarheiti ökutækis
	„8A“		Verksmiðjunúmer ökutækis
	„A4“		Massi, með faldaða hlutnum „8B“
		„8B“	Tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu,
	„8C“		Massi ökutækis í notkun með yfirbyggingu
	„8D“		Gildistími
	„8E“		Dagsetning skráningarinnar sem þetta skírteini vísar til
	„8F“		Gerðarviðurkenningarnúmer
	„A5“		Hreyfill, með földuðu hlutunum „90“, „91“ og „92“
		„90“	Slagrými hreyfils
		„91“	Hámarksnettóafli hreyfils
		„92“	Gerð eldsneytis fyrir hreyfilinn
	„93“		Afl/þyngdarhlutfall
	„A6“		Sætarými með földuðu hlutunum „94“ og „95“
		„94“	Sætafjöldi
		„95“	Fjöldi stæða fyrir farþega

Merki			Lýsing
		„92“	Gerð eldsneytis fyrir hreyfilinn
	„93“		Afl/þyngdarhlutfall
	„A6“		Sætarými með földuðu hlutunum „94“ og „95“
		„94“	Sætafjöldi
		„95“	Fjöldi stæða fyrir farþega

Í töflu 3 eru talin upp merki sem auðkenna gagnahluti og samsvara skráningargögnum í kafla II.6. Gagnahlutirnir, sem eru taldir upp í töflu 3, eru valfrjálssir.

Tafla 3

Merki			Lýsing
„78“			Yfirvald sem úthlutar samhæfðu merki með földuðum hlut „4F“ (sjá ISO/IEC 7816-4 og ISO/IEC 7816-6)
	„4F“		Kennimerki notkunarforrits (sjá ISO/IEC 7816-4)
„72“			Sameiginlegt sniðmát innan geirans (sjá ISO/IEC 7816-4 og ISO/IEC 7816-6) sem samsvarar valfrjálsum gögnum í kafla II.6 í I. hluta skráningarskránnar með eftirfarandi földuðum hlutum
	„80“		Útgáfa af skilgreiningu merkis
	„A1“		Persónuupplýsingar með földuðu hlutunum „A7“, „A8“ og „A9“
		„A7“	Ökutæki með földuðu hlutunum „83“, „84“ og „85“
		..	
		„A8“	Annar eigandi ökutækisins með földuðu hlutunum „83“, „84“ og „85“
		..	
		„A9“	Einstaklingur sem má nota ökutækið í krafti annars lagalegs réttar en eignaréttar, með földuðu hlutunum „83“, „84“ og „85“
		..	
	„A4“		Massi, með földuðu hlutunum „96“ og „97“
		„96“	Leyfilegur hámarksmassi ökutækis með hleðslu í notkun
		„97“	Leyfilegur hámarksmassi fullbúins ökutækis með hleðslu í notkun
	„98“		Ökutækjaflokkur
	„99“		Fjöldi ása
	„9A“		Hjólhaf
	„AD“		Skipting leyfilegs hámarks massa ökutækis með hleðslu á milli ása með földuðu hlutunum „9F1F“, „9F20“, „9F21“, „9F22“ og „9F23“
		„9F1F“	Ás 1

Merki			Lýsing
		„9F20“	Ás 2
		„F21,“	Ás 3
		„9F22,“	Ás 4
		„9F23“	Ás 5
	„AE“		Tæknilega leyfilegur hámarksdráttarmassi með földuðu hlutunum „9B“ og „9C“
		„9B“	Hemlaður
		„9C“	Óhemlaður
	„A5“		Hreyfill með földuðu hlutunum „9D“ og „9E“
		„9D“	Nafnhraði
		„9E“	Kenninúmer hreyfils
	„9F24“		Litur ökutækisins
	„9F25“		Hámarkshraði
	„AF“		Hljóðstig með földuðu hlutunum „DF26“, „DF27“ og „DF28“
		„9F26“	Í kyrrstöðu
		„9F27“	Snúningshraði
		„9F28“	Í akstri
	„B0“		Losun með útblæstri með földuðu hlutunum „9F29“, „9F2A“, „9F2B“, „9F2C“, „9F2D“, „9F2E“, „9F2F“, „9F30“ og „9F31“
		„9F29“	CO
		„9F2A“	HC
		„9F2B“	NO _x
		„9F2C“	HC+NO _x
		„9F2D“	Efnisagnir ef um er að ræða dísilhreyfil
		„9F2E“	Leiðréttur gleypnistuðull fyrir dísilolíu
		„9F2F“	CO ₂
		„9F30“	Eldsneytiseyðsla (blandaður akstur)
		“9F31“	Tilgreining umhverfisflokks í EB-gerðarviðurkenningu.
	„9F32“		Rúmtak eldsneytisgeymis

Aðildarríkin ákveða skipan og snið gagnanna samkvæmt kafla II.7.

III.12. Lestur skráningargagna

A. Val á notkunarforriti

Unnt skal vera að velja notkunarforritið „skráning ökutækis“ með hjálp skipunarinnar SELECT DF (eftir heiti, sjá ISO/IEC 7816-4) með viðeigandi kennimerki notkunarforritsins (AID). Sækja skal um gildi fyrir kennimerki notkunarforrits (AID) hjá rannsóknarstofu sem framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna velur.

B. Lestur gagna úr skrá

Unnt skal vera að velja skrárnar sem samsvara A-, B- og C-lið í II. kafla með skipuninni SELECT (sjá ISO/IEC 7816-4) með því að stilla skipanafæribreyturnar P1 á „02“ og P2 á „04“ ásamt skipanagagnasvæðinu sem inniheldur kennimerki skrár (sjá töflu 1 í X. kafla). FCP-sniðmátið, sem er sent til baka, inniheldur upplýsingar um stærð skrárinnar sem gætu komið að gagni við lestur þessara skráa.

Þessar skrár eru læsilegar með READ BINARY (sjá ISO/IEC 7816-4) ef skipanagagnasvæðið er tómt og L_c stillt á fyrirhugaða lengd gagnanna með því að nota stutt L_e .

C. Sannprófun á sannvottuðum uppruna gagna

Til að sannprófa sannvottaðan uppruna geymdu skráningargagnanna er heimilt að sannprófa samsvarandi rafræna undirskrift. Þetta merkir að auk skráningargagnanna er einnig heimilt að lesa samsvarandi rafræna undirskrift af skráningarkortinu.

Hægt er að sækja dreifilykil til að sannprófa undirritun með því að lesa samsvarandi skirteini útgáfufyrvaldsins af skráningarkortinu. Skirteinin innihalda dreifilykilinn og auðkenni samsvarandi yfirvalds. Nota má annað kerfi en skráningarkortið til að sannprófa undirritunina.

Aðildarríkjunum er frjálst að sækja dreifilyklana og skirteinin til að sannprófa skirteini útgáfufyrvaldsins.

III.13. Sérákvæði

Þrátt fyrir önnur ákvæði í þessari tilskipun mega aðildarríkin bæta við litum, merkjum eða táknum, eftir að hafa tilkynnt framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna um það. Þar að auki mega aðildarríkin, að því er varðar tiltekin gögn í C-lið í kafla III.2, leyfa XML-snið og aðgang í gegnum TCP/IP.

Aðildarríkin mega, í samráði við framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, bæta öðrum notkunarforritum við á skráningarskirteini ökutækis, sem engar samræmdar reglur eða skjöl gilda enn um á vettvangi ESB (t.d. skirteini um aksturshæfni), til að innleiða viðbótarþjónustu í tengslum við ökutæki.

II. VIÐAUKI

II. HLUTI SKRÁNINGARSKÍRTEINISINS ⁽¹⁾

- I. Framsetning þessa hluta má vera tvenns konar, annaðhvort prentað skjal eða örgjörvakort. Útfærsla prentaða skjalsins er sýnd í II. kafla og örgjörvakortsins í III. kafla.
- II. **Forskriftir í II. hluta fyrir skráningarskírteini á formi prentaðs skjals**
- II.1. Skráningarskírteinið má ekki vera stærra en A4 (210 × 297 mm) eða brotið saman í þá stærð.
- II.2. Verjast skal fölsun á skjalinu í II. hluta skráningarskírteinisins með a.m.k. tveimur eftirtalinna aðferða:
- myndrænni útfærslu,
 - vatnsmerki,
 - flúrljómandi trefjum eða
 - flúrljómandi upphleypingu. Aðildarríkjunum er frjálst að bæta við fleiri öryggisþáttum.
- II.3. II. hluti skráningarskírteinis getur verið nokkrar síður. Aðildarríkin skulu ákveða fjölda síðna í samræmi við upplýsingarnar í skjalinu og uppsetningu þess.
- II.4. Á fyrstu síðu II. hluta skráningarskírteinis skal vera:
- heiti aðildarríkisins sem gefur út II. hluta skráningarskírteinisins,
 - auðkennisstafr aðildarríkisins sem gefur út II. hluta skráningarskírteinisins, þ.e.a.s.:
- | | |
|-----|----------------------|
| B | Belgía |
| DK | Danmörk |
| D | Þýskaland |
| GR | Grikkland: |
| E | Spánn |
| F | Frakkland |
| IRL | Írland |
| I | Ítalía |
| L | Lúxemborg |
| NL | Holland |
| A | Austurríki |
| P | Portúgal |
| FIN | Finnland |
| S | Svíþjóð |
| UK | Breska konungsríkið: |
- heiti lögbæra yfirvaldsins,
 - orðin „II. hluti skráningarskírteinis“ prentað með stóru letri á tungumáli eða -málum aðildarríkisins sem gefur skírteinið út. Sama eða sömu orð skulu einnig standa, á eftir hæfilegu bili, með smáu letri á öðrum tungumálum Evrópubandalagsins,
 - orðið „Evrópubandalagið“, prentað á tungumáli eða -málum aðildarríkisins sem gefur út II. hluta skráningarskírteinisins,
 - númer skjalsins.

⁽¹⁾ Þessi viðauki varðar aðeins skráningarskírteini sem eru samsett úr I. og II. hluta.

- II.5. Í II. hluta skráningarskríteinisins skulu einnig vera eftirfarandi upplýsingar en á undan þeim skulu koma samsvarandi samræmdar tákntölur Bandalagsins:
- A) skráningarnúmer,
 - B) dagsetning fyrstu skráningar ökutækisins,
 - D) ökutæki:
 - D.1) tegund,
 - D.2) gerð,
 - afbrigði (ef upplýsingar liggja fyrir um það)
 - útfærsla (ef upplýsingar liggja fyrir um það)
 - D.3) verslunarheiti,
 - E) verksmiðjunúmer ökutækis
 - K) gerðarviðurkenningarnúmer (ef það er fyrir hendi),
- II.6. Í II. hluta skráningarskríteinisins geta einnig verið eftirfarandi upplýsingar en á undan þeim skulu koma samræmdar tákntölur Bandalagsins:
- C) persónuupplýsingar
 - C.2) eigandi ökutækisins,
 - C.2.1) kenninafn eða –nöfn eða firmanafn,
 - C.2.2) annað nafn eða nöfn eða upphafsstafur eða –stafir (eftir því sem við á),
 - C.2.3) heimilisfang í aðildarríkinu, þar sem ökutækið er skráð, daginn sem skjalið er gefið út.
 - C.3) einstaklingur eða lögaðili sem má nota ökutækið í krafti annars lagalegs réttar en eignarréttar,
 - C.3.1) kenninafn eða –nöfn eða firmanafn,
 - C.3.2) annað nafn eða nöfn eða upphafsstafur eða –stafir (eftir því sem við á),
 - C.3.3) heimilisfang í aðildarríkinu, þar sem ökutækið er skráð, daginn sem skjalið er gefið út
 - C.5), C.6) ef breyting á persónuupplýsingum samkvæmt númeri C.2 í lið II.6 og/eða númeri C.3 í lið II.6 gefur ekki tilefni til útgáfu nýs II. hluta skráningarskríteinisins má tilgreina nýju persónuupplýsingarnar, sem svara til þessara liða, undir númerum C.5 eða C.6. Þær eru sundurliðaðar í samræmi við númer C.2 í lið II.6 og númer C.3 í lið II.6.
 - J) ökutækjaflokkur.
- II.7. Aðildarríkin geta bætt við upplýsingum í II. hluta skráningarskríteinisins, m.a. geta þau bætt frekari innlendum númerum í hornklofum við auðkennisnúmerin sem mælt er fyrir um í liðum II.5 og II.6.
- III. **Forskriftir II. hluta skráningarskríteinis á formi örgjörvakorts** (önnur útfærsla en fyrirmyndin að prentaða skjalinu sem er lýst í II. kafla)
- III.1. *Gagnasnið korts og gögn sem hægt er að lesa með berum augum*

Kortið er örgjörvakort og skal því hannað í samræmi við staðlana sem um getur í kafla III.5.

Á fram- og bakhlið kortsins skulu a.m.k. prentuð þau gögn sem eru tilgreind í köflum II.4 og II.5. Þessi gögn skal vera hægt að lesa með berum augum (lágmarkshæð hvers stafs: 6 punktar) og skulu þau prentuð á kortið á eftirfarandi hátt. (Dæmi um mögulegar útfærslur eru sýnd á mynd 2 í lok þessa þáttar).

A. Grunnupplýsingar með upphleyptu letri

Eftirfarandi grunnupplýsingar skulu vera á kortinu:

Framhlið

- a) Hægra megin við örgjörvann: skal vera á tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins sem gefur út skráningarskírteinið
 - orðið „Evrópubandalagið“,
 - heiti aðildarríkisins sem gefur skráningarskírteinið út,
 - orðin „II. hluti skráningarskírteinis“ prentuð með stóru letri,
 - annað auðkenni (t.d. fyrra innlent) sambærilegs skjals (valfrjálst),
 - heiti lögbærs yfirvalds (einnig má tilgreina þetta undir B-lið, persónulegar upplýsingar með upphleyptu letri),
 - ótvíræð raðtala skjalsins í viðkomandi aðildarríki (einnig má tilgreina þetta undir B-lið, persónulegar upplýsingar með upphleyptu letri).

- b) Ofan við örgjörvann:

auðkennisstafir aðildarríkisins, sem gefur skráningarskírteinið út, hvítir í bláum rétthyrningi með tólf gulum stjörnum í kring:

B	Belgía
DK	Danmörk
D	Þýskaland
GR	Grikkland:
E	Spánn
F	Frakkland
IRL	Írland
I	Ítalía
L	Lúxemborg
NL	Holland
A	Austurríki
P	Portúgal
FIN	Finnland
S	Svíþjóð
UK	Breska konungsríkið

- c) Aðildarríkin gætu metið hvort þau bæti við neðst á kortið eftirfarandi athugasemd, með smáu letri, á þjóðtungu eða –tungum sínum: „Þetta skjal skal geymt á öruggum stað utan við ökutækið.“
- d) Grunnlitur kortsins er rauður (Pantone 194). Að öðrum kosti má nota rauðan lit sem skiptir smám saman yfir í hvítan.
- e) Tákn sem sýnir hjól (sjá fyrirhugaða útfærslu á mynd 1) skal prentað á prentsvæðið í neðra, vinstra horninu á framhlið kortsins.

Að öðru leyti gilda ákvæði kafla III.13.

B. Persónulegar upplýsingar með upphleyptu letri

Eftirfarandi persónulegar upplýsingar með upphleyptu letri skulu vera á kortinu:

Framhlið

- a) heiti lögbærs yfirvalds — sjá einnig a-lið A-liðar,
- b) heiti yfirvaldsins sem gefur skráningarskírteinið út (valfrjálst),
- c) ótvíræð raðtala skjalsins sem er notuð í aðildarríkinu — sjá einnig a-lið A-liðar,

- d) eftirfarandi gögn í kafla II.5. Bæta má einstökum, innlendum númerum við á eftir samræmdum tákntölum Bandalagsins.

Tákntala

Tilvísun

A skráningarnúmer (opinbert númer leyfisins)

B dagsetning fyrstu skráningar ökutækisins,

Bakhlið

Á bakhliðinni skulu a.m.k. vera þau gögn sem eftir eru og eru tilgreind í kafla II.5. Bæta má einstökum, innlendum númerum við á eftir samræmdum tákntölum Bandalagsins í samræmi við kafla II.7.

Um er að ræða eftirfarandi upplýsingar:

Tákntala

Tilvísun

Gögn um ökutæki (með hliðsjón af athugasemdunum í kafla II.5)

D.1 tegund,

D.2 gerð (afbrigði/útfærsla, eftir því sem við á),

D.3 verslunarheiti,

E verksmíðjunúmer ökutækis,

K gerðarviðurkenningarnúmer (ef það er fyrir hendi),

Einnig má bæta við gögnum úr kafla II.6 (samræmdu tákntölunum) og II.7 á bakhlið kortsins.

C. Öryggisþættir örgjörvakortsins

Eftirfarandi getur ógnað öryggi korts:

— Framleiðsla falsaðra korta: að búa til nýtt kort sem líkist skjalinu mjög mikið, annaðhvort með því að búa það til frá grunni eða með því að taka afrit af upprunalega skjalinu.

— Efnisbreyting: að breyta inntaki upprunalega skjalsins, t.d. að breyta sumum prentuðum gögnum skjalsins.

Verjast skal fölsun á efninu, sem er notað í II. hluta skráningarskírteinisins, með a.m.k. þremur eftirtalinnu aðferða:

— örprentun,

— bakgrunnsmunsturprentun*,

— regnbogaprentun,

— leysigreyting,

— útfjólubláu flúrljómandi bleki,

— prentlit sem ræðst af sjónarhorninu*,

— prentlit sem ræðst af hitastiginu*,

— sérhönnuðum almyndum*,

— breytilegum leysimyndum,

— myndum sem breytast eftir birtustiginu.

Aðildarríkjunum er frjálst að bæta við fleiri öryggisþáttum.

Til grundvallar skal velja aðferðirnar, sem eru merktar með stjörnu, þar sem þær gera löggæslumönnum kleift að kanna gildi kortsins án þess að nota til þess sérstakan búnað.

III.2. *Gagnageymsla og -vernd*

Á eftir samræmdu, sameiginlegu tákntölunum (eftir því sem við á, í tengslum við einstök númer aðildarríkjanna í samræmi við kafla II.7) skal eða má enn fremur geyma eftirfarandi gögn á yfirborði kortsins sem inniheldur læsilegu upplýsingarnar samkvæmt kafla III.1:

A) Gögn samkvæmt köflum II.4 og II. 5

Öll gögn, sem eru tilgreind í köflum II.4 og II.5, er skylt að geyma á kortinu.

B) Önnur gögn samkvæmt kafla II.6

Aðildarríkjunum er ennfremur frjálst að geyma fleiri gögn samkvæmt kafla II.6, eftir því sem þurfa þykir.

C) Önnur gögn samkvæmt kafla II.7

Ennfremur má geyma á kortinu fleiri gögn sem tengjast ökutækjum og teljast til almennra hagsmuna.

Gögnin í A- og B-lið eru geymd í tveimur aðgreindum skráum með gagnsærri skipan (sjá ISO/IEC 7816-4). Aðildarríkin mega sjálf ákveða hvernig gögnin í C-lið eru geymd samkvæmt eigin kröfum.

Engar takmarkanir á lesaðgangi eru á þessum skráum.

Skrifaðgangur að þessum skráum skal takmarkast við lögbær, innlend yfirvöld (og viðurkenndar stofnanir) í aðildarríkinu sem gefur örgjörvakortið út.

Skrifaðgangur er einungis leyfður að lokinni ósamhverfri sannprófun með því að skipta út lotulykli til að vernda lotuna á milli skráningarkorts ökutækis og öryggiseiningar (t.d öryggiseiningarkort) lögbærra, innlendra yfirvalda (eða viðurkenndra stofnana þeirra). Því er vottorðum sem eru sannprófanleg með korti skipt út í samræmi við ISO/IEC 7816-8 áður en sannvottunarferlið hefst. Vottorð sem eru sannprófanleg með korti innihalda samsvarandi dreifilykla sem hægt er að sækja og nota við eftirfarandi sannvottunarferli. Þessi vottorð eru undirrituð af lögbærum, innlendum yfirvöldum og innihalda heimildahlut (authorisation object) (heimild handhafa vottorðs) í samræmi við ISO/IEC 7816-9 til að kóða tiltekna aðgerðarheimild á kortið. Þessi aðgerðarheimild tengist lögbæru, innlendu yfirvaldi (t.d. til að uppfæra gagnasvæði).

Samsvarandi dreifilyklar lögbærs, innlends yfirvalds eru geymdir sem grunnlykill á kortinu.

Aðildarríkin eru ábyrg fyrir forskriftum skrána og skipananna sem eru nauðsynlegar fyrir sannvottunar- og skriffærlid. Öryggistryggingin skal viðurkennd með sameiginlegu mati á viðmiðunum (common criteria evaluation) samkvæmt EAL4+. Aukið öryggi byggist á eftirfarandi: 1. AVA_MSU. 3 Greining og prófun við óstöðugar aðstæður (Analysis and testing for insecure states), 2. AVA_VLA..4 Mjög mikið viðnám (Highly resistant).

D) Gögn til að sannprófa sannvottaðan uppruna skráningargagna

Útgáfuyfirvaldið reiknar út rafræna undirskrift fyrir fullnægjandi gögn skrárinnar sem inniheldur gögnin í A- og B-lið og geymir hana í tengdri skrá. Þessar undirskriftir gera kleift að sannprófa sannvottaðan uppruna geymdu gagnanna. Á kortunum skulu geymd eftirfarandi gögn:

— rafræn undirskrift skráningargagna sem tengjast A-lið,

— rafræn undirskrift skráningargagna sem tengjast B-lið,

Til að sannprófa þessar rafrænu undirskriftir skal geyma á kortinu:

— vottorð frá útgáfuyfirvaldinu sem hefur reiknað út undirskriftir fyrir gögn í A- og B-lið.

Lesaðgangur að rafrænum undirskriftum og vottorðum skal vera án takmarkana. Skrifadgangur að rafrænum undirskriftum og vottorðum takmarkast við lögbær, innlend yfirvöld.

III.3. *Skilflötur*

Nota skal ytri raftengi til að tengjast skilfletinum. Valfrjálst er að nota ytri raftengi ásamt merkjasvara.

III.4. *Geymslurými kortsins*

Á kortinu skal vera nægilegt rými til að geyma gögnin sem um getur í kafla III.2.

III.5. *Staðlar*

Örgjörvakortið og aflestrarbúnaðurinn skulu vera í samræmi við eftirfarandi staðla:

- ISO 7810: Standards for identification cards (plastic cards): Physical characteristics,
- ISO 7816-1 og - 2: Physical characteristics of chip cards, dimensions and location of contacts,
- ISO 7816-3: Electrical characteristics of contacts, transmission protocols,
- ISO 7816-4: Communication contents, chip card data structure, safety architecture, access mechanisms,
- ISO 7816-5: Structure of application identifiers, selection and execution of application identifiers, registration procedure for application identifiers (numbering system),
- ISO 7816-6: Inter-industry data elements for interchange,
- ISO 7816-8: Integrated circuit(s) cards with contacts — Security related inter-industry commands,
- ISO 7816-9: Integrated circuit(s) cards with contacts — Enhanced inter-industry commands,

III.6. *Tæknilegir eiginleikar og samskiptareglur fyrir gagnaflutninga*

Sniðið skal vera ID-1 (venjuleg stærð, sjá ISO/IEC 7810).

Kortið skal styðja samskiptareglur fyrir gagnaflutninga T=1 í samræmi við ISO/IEC 7816-3. Þar að auki má styðja aðrar samskiptareglur fyrir gagnaflutninga, t.d. T=0, USB eða samskiptareglur án tengja. Nota skal „bein samskipti“ fyrir gagnaflutning með bitahraða (sjá ISO/IEC 7816-3).

A. Fæðispenna, forritunarspenna

Kortið skal virka með $V_{cc} = 3V (+/0.3V)$ eða með $V_{cc} = 5V (+/0.5V)$. Kortið á ekki að þurfa neina forritunarspennu í pinna C6.

B. Svar við endurstillingu

Bætið fyrir stærð upplýsingasvæðis kortsins skal gefið upp í ATR (svari við endurstillingu) í rittákninu TA3. Þetta gildi skal a.m.k. vera „80h“ (= 128 bæti).

C. Val á færíbreytu fyrir samskiptareglur

Styðja skal val á færíbreytu fyrir samskiptareglur (PPS) samkvæmt ISO/IEC 7816-3. PPS er notað til að velja T=1, einnig ef T=0 er til staðar á kortinu og til að semja um Fi/Di-færíbreytur til að auka sendingarhraðann.

D. Samskiptareglur fyrir gagnaflutninga T = 1

Stuðningur við samhlekkjun er lögboðinn.

Eftirfarandi einföldun er leyfð:

NAD-bæti: Ekki notað (NAD skal stillt á „00“),

- S-báلكur ABORT: ekki notaður,
- S-báلكur, VPP-stillingarvilla: ekki notaður.

Kortalesarinn (IFD) skal tilgreina stærð upplýsingasvæðis búnaðarins (IFSD) næst á eftir svari við endurstillingu (ATR), þ.e. kortalesarinn (IFD) skal senda beiðni um stærð upplýsingasvæðis S-bálksins næst á eftir svari við endurstillingu og kortið skal senda til baka stærð upplýsingasvæðis S-bálksins. Gildið, sem mælt er með fyrir stærð upplýsingasvæðis búnaðarins, er 254 bæti.

III.7. *Hitastigssvið*

Skráningarskirteini á formi örgjörvakorts skal starfa rétt við öll venjuleg veðurskilyrði á yfirráðasvæði Bandalagsins og a.m.k. við það hitastig sem er tilgreint í ISO-staðli 7810. Kortin skulu starfa rétt við rakastig á bilinu 10% til 90%.

III.8. *Endingartími*

Kortið á að geta enst í tíu ár ef það er notað í samræmi við umhverfis- og rafmagnstengdar forskriftir. Kortið skal búið til úr efni sem uppfyllir þessar kröfur um endingartíma.

III.9. *Rafseiginleikar*

Við notkun skulu kortin uppfylla ákvæði tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 95/54/EB að því er varðar rafsegulsviðssamhæfi og þau skulu varin gegn rafstöðuafhleðslu.

III.10. *Skráaskipan*

Í töflu 1 eru taldar upp lögbundnar frumskrár (EF) í sérnotaskrá (DF) hugbúnaðarins (sjá ISO/IEC 7816-4) DF.Registration. Allar þessar skrár hafa gagnsæja skipan. Aðgangskröfum er lýst í kafla III.2. Aðildarríkin ákveða sjálf stærð skrána í samræmi við eigin kröfur.

Tafla 4

Skrárheiti	Kennimerki skrár	Lýsing
EF.Registration_A	„D001“	Skráningargögn samkvæmt köflum II.4 og II.5
EF.Signature_A	„E001“	Rafræn undirskrift fyrir öll fullnægjandi gögn í EF.Registration_A
EF.C.IA_A.DS	„C001“	X.509v3-vottorð útgáfufirvaldsins sem reiknar út undirskriftir fyrir EF.Signature_A
EF.Registration_B	„D011“	Skráningargögn samkvæmt kafla II.6
EF.Signature_B	„E011“	Rafræn undirskrift fyrir öll fullnægjandi gögn í EF.Registration_B
EF.C.IA_B.DS	„C011“	X.509v3-vottorð útgáfufirvaldsins sem reiknar út undirskriftir fyrir EF.Signature_B

III.11. *Gagnaskipan*

Upplýsingarnar sem eru geymdar á vottorðunum eru með X.509v3-sniði samkvæmt ISO/IEC 9594-8.

Rafrænu undirskriftirnar eru geymdar á gagnsæjan hátt.

Skráningargögn eru geymd sem BER-TLV-gagnahlutir (sjá ISO/IEC 7816-4) í samsvarandi frumskrá. Gildissvæðin eru kóðuð með ASCII-ritáknum eins og skilgreint er í ISO/IEC 8824-1, gildin „C0“-„FF“ eru skilgreind með ISO/IEC 8859-1 (latínu 1-stafamengi) eða ISO/IEC 8859-7 (grískt stafamengi) eða ISO/IEC 8859-5 (kýrilískt stafamengi). Dagsetningarsniðið er ÁÁÁÁMMDD.

Í töflu 2 eru talin upp merki sem auðkenna gagnahluti sem samsvara skráningargögnum í köflum II.4 og II.5 ásamt viðbótargögnum úr kafla III.1. Lögboðið er að nota gagnahlutina, sem eru taldir upp í töflu 2, nema annað sé tilgreint. Heimilt er að sleppa valfrjálsum gögnum. Merkjunum er raðað í dálka eftir földunarstigi.

Tafla 5

Merki	Lýsing
„78“	Yfirvald sem úthlutar samhæfðu merki (Compatible tag allocation authority), faldaði hluturinn „4F“ (sjá ISO/IEC 7816-4 og ISO/IEC 7816-6)
„4F“	Kennimerki notkunarforrits (sjá ISO/IEC 7816-4)
„73“	Sameiginlegt sniðmát innan geirans (sjá ISO/IEC 7816-4 og ISO/IEC 7816-6) sem samsvarar lögboðnum gögnum í 2. hluta skráningarskírteinisins með öllum eftirfarandi földuðum hlutum
„80“	Útgáfa af skilgreiningu merkis

Merki			Lýsing
	„9F33“		Heiti aðildarríkisins sem gefur 2. hluta skráningarskrifteinisins út
	„9F34“		annað auðkenni (t.d. fyrri, innlent auðkenni) sambærilegs skjals (valfrjálst)
	„9F35“		Heiti lögbæra yfirvaldsins
	„9F36“		Heiti yfirvaldsins sem gefur skráningarskrifteinið út (valfrjálst)
	„9F37“		Stafamengi sem er notað: „00“: ISO/IEC 8859-1 (latínu 1-stafamengi) „01“: ISO/IEC 8859-5 (kýrilískt 1-stafamengi) „02“: ISO/IEC 8859-7 (grískt stafamengi)
	„9F38“		Ótvíræð raðtala skjalsins sem er notuð í aðildarríkinu
	„81“		Skráningarnúmer
	„82“		Dagsetning fyrstu skráningar
	„A3“		Ökutæki með földuðu hlutina „87“, „88“ og „89“
		„87“	Tegund ökutækis
		„88“	Gerð ökutækis
		„89“	Verslunarheiti ökutækis
	„8A“		Verksmiðjunúmer ökutækis
	„8F“		Gerðarviðurkenningarnúmer

Í töflu 6 eru talin upp merki sem auðkenna gagnahluti sem samsvara skráningargögnum í kafla II.6. Gagnahlutirnir, sem eru taldir upp í töflu 6, eru valfrjálstir.

Tafla 6

Merki			Lýsing
„78“			Yfirvald sem úthlutar samhæfðu merki, faldaði hluturinn „4F“ (sjá ISO/IEC 7816-4 og ISO/IEC 7816-6)
	„4F“		Kennimerki notkunarforrits (sjá ISO/IEC 7816-4)
„74“			Sameiginlegt sniðmát innan geirans (sjá ISO/IEC 7816-4 og ISO/IEC 7816-6) sem samsvarar valfrjálsum gögnum í kafla II.6 í 1. hluta skráningarskrifteinisins með öllum eftirfarandi földuðum hlutum
	„80“		Útgáfa af skilgreiningu merkis
	„A1“		Persónuupplýsingar með földuðu hlutunum „A7“, „A8“ og „A9“
		„A7“	Eigandi ökutækis með földuðu hlutunum „83“, „84“ og „85“
		„83“	Kenninafn eða firmanafn
		„84“	Önnur nöfn eða upphafsstafir (valfrjálst)
		„85“	Heimilisfang í aðildarríkinu
	„A8“		Annar eigandi ökutækis með földuðu hlutunum „83“, „84“ og „85“
			...

Merki			Lýsing
		„A9“	Einstaklingur, sem má nota ökutækið í krafti annars lagalegs réttar en eignaréttar, með földuðu hlutunum „83“, „84“ og „85“
		...	
	„98“		Ökutækjaflokkur

Aðildarríkin ákveða skipan og snið gagnanna samkvæmt kafla II.7.

III.12. Lestur skráningargagna

A. Val á notkunarforriti

Unnt skal vera að velja notkunarforritið „skráning ökutækis“ með hjálp skipunarinnar SELECT DF (eftir heiti, sjá ISO/IEC 7816-4) með viðeigandi kennimerki notkunarforritsins (AID). Sækja skal um gildi fyrir kennimerki notkunarforrits (AID) hjá rannsóknarstofu sem framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna velur.

B. Lestur gagna úr skrá

Unnt skal vera að velja skrárnar sem samsvara A-, B- og C-lið í II. kafla með skipuninni SELECT (sjá ISO/IEC 7816-4) með því að stilla skipanafæribreyturnar P1 á „02“ og P2 á „04“ ásamt skipanagagnasvæðinu sem inniheldur kennimerki skrár (sjá töflu 1 í X. kafla). FCP-sniðmátið sem er sent til baka inniheldur upplýsingar um stærð skrárinnar sem gætu komið að gagni við lestur þessara skráa.

Þessar skrár eru læsilegar með READ BINARY (sjá ISO/IEC 7816-4) ef skipanagagnasvæðið er tomt og L_c stillt á fyrirhugaða lengd gagnanna með því að nota stutt L_c .

C. Sannprófun á sannvottuðum uppruna gagna

Til að sannprófa sannvottaðan uppruna geymdu skráningargagnanna er heimilt að sannprófa samsvarandi rafræna undirskrift. Þetta merkir að auk skráningargagnanna er einnig heimilt að lesa samsvarandi rafræna undirskrift af skráningarkortinu.

Hægt er að sækja dreifilykil til að sannprófa undirritun með því að lesa samsvarandi skírteini útgáfufyrivaldsins af skráningarkortinu. Skírteinin innihalda dreifilykilinn og auðkenni samsvarandi yfirvalds. Nota má annað kerfi en skráningarkortið til að sannprófa undirritunina.

Aðildarríkjunum er frjálst að sækja dreifilyklana og skírteinin til að sannprófa skírteini útgáfufyrivaldsins.

III.13. Sérákvæði

Þrátt fyrir önnur ákvæði í þessari tilskipun mega aðildarríkin bæta við litum, merkjum eða táknum, eftir að hafa tilkynnt framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna um það. Þar að auki mega aðildarríkin, að því er varðar tiltekin gögn í C-lið í kafla III.2, leyfa XML-snið og aðgang í gengum TCP/IP. Aðildarríkin mega, í samráði við framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, bæta við öðrum notkunarforritum á skráningarskírteini ökutækis, sem engar samræmdar reglur eða skjöl gilda enn um á vettvangi ESB (t.d. skírteini um aksturshæfni), til að innleiða viðbótarþjónustu í tengslum við ökutæki.